



Ályktun um brottfararstöð

Ályktun lögð fram á 51. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) ítrekar ályktun fundarins frá 4. október 2025 sem og umsögn sambandsins um málið og krefst þess að stjórnvöld hafi raunverulegt og gagnsætt samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum áður en endanleg ákvörðun er tekin um staðsetningu og útfærslu brottfararstöðvar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Frá því að fyrri ályktun var samþykkt hefur Alþingi samþykkt lög nr. 48/2026 frá 9. júní 2026 um brottfararstöð, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar sambandsins og fjölda annarra umsagnaraðila um að samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum væri verulega ábótavant. Í meðferð málsins hjá allsherjar- og menntamálanefnd bárust 35 umsagnir og var meðal annars brugðist við gagnrýni fjölda umsagnaraðila með því að fella brott heimild til að vista börn á stöðinni. Þrátt fyrir þá breytingu liggur enn ekki fyrir með fullnægjandi hætti hvernig stjórnvöld hyggjast tryggja lögbundin réttindi barna, þar á meðal skólaskyldu, verði fjölskyldur með börn vistaðar í tengdum úrræðum á borð við móttökumiðstöð á svæðinu.

Pegar lögin voru samþykkt lá ekki fyrir hvar á Suðurnesjum brottfararstöðin yrði staðsett og liggur það enn ekki fyrir. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur lýst því yfir að fyrsti valkostur bæjarins sé að stöðin verði staðsett innan athafnasvæðis Isavia á Keflavíkurflugvelli, enda um lokað úrræði að ræða og að verði annar staður fyrir valinu skuli önnur úrræði ríkisins í málaflokknum á Ásbrú og í Innri-Njarðvík víkja á móti. Aðalfundurinn tekur undir að staðsetning og umfang slíkrar starfsemi eigi að taka mið af heildarálagi á innviði, þjónustu og íbúa á Suðurnesjum og að sveitarfélögin sjálf, ekki ríkið eitt, eigi að koma að endanlegri ákvörðun um staðsetningu.

Þá er enn óljóst hvort og hvenær af áformum verður um að flytja móttökumiðstöð umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Reykjavík til Suðurnesja, sem kynnt voru samhliða áformum um brottfararstöð sumarið 2025. Aðalfundurinn ítrekar að ekkert heildstætt mat hefur farið fram á samlegðaráhrifum þess að reka bæði brottfararstöð og móttökumiðstöð á sama svæði á innviði sveitarfélaganna, þar á meðal skóla, leikskóla, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og löggæslu.

Aðalfundurinn krefst þess að stjórnvöld tryggi formlegt og tímanlegt samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum áður en ákvörðun um staðsetningu brottfararstöðvar er tekin og að sjónarmið sveitarfélaganna um staðsetningu fái raunverulegt vægi.

Leggja þarf fram heildstætt mat á áhrifum brottfararstöðvar og hugsanlegs flutnings móttökumiðstöðvar á innviði, þjónustu og íbúa á Suðurnesjum, þar með talið á skóla og velferðarþjónustu.

Ljóst er að tryggja þarf sveitarfélögunum á Suðurnesjum sem og ríkisstofnunum á svæðinu sem koma að málaflokknum nægt fjármagn vegna aukins álags á þjónustu sem leiðir af staðsetningu þessara stofnana á svæðinu.

Að lokum áréttar aðalfundurinn að Suðurnesin hafa um árabil borið hlutfallslega mestan þunga af móttöku og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Frekari uppbygging á þessu sviði á svæðinu verður að fylgja skýrri stefnu sveitarfélaganna og hafa þarf raunverulegt samráð við heimamenn.



Ályktun um embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum

Ályktun lögð fram á 51. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 11. september 2026, skorar á dómsmálaráðherra að tryggja að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði áfram sjálfstætt lögregluembætti þar sem yfirstjórn og ákvörðunarvald er staðsett á Suðurnesjum.

Suðurnes gegna einstakri stöðu í löggæslu, landamæragæslu, almannavörnum og öryggismálum Íslands. Innan umdæmis lögreglustjórans á Suðurnesjum er Keflavíkurflugvöllur, stærsta landamærastöð landsins, auk mikilvægra innviða sem tengjast öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur lagt áherslu á að embættið gegni lykilhlutverki við vernd innra öryggis ríkisins og að öflugt landamæraeftirlit og borgaralegir innviðir á borð við lögreglu séu fyrsta lína varna.

Umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli undirstrikar þessa sérstöðu. Árið 2025 fóru um 8,1 milljón farþega um flugvöllinn og á annasamasta degi ársins voru farþegar 36.694. Keflavíkurflugvöllur er þannig langmikilvægasta samgöngu- og landamæragátt Íslands.

Á sama tíma verða verkefni landamæragæslunnar sífellt umfangsmeiri og flóknari. Í áhrifagreiningu vegna innleiðingar nýs komu- og brottfararkerfis Schengen (EES) kom fram að fjölga þyrfti landamæravörðum á Keflavíkurflugvelli úr um 40 í 66, og í allt að 98 á annatíma, til að tryggja fullnægjandi þjónustu- og öryggisstig. Áætlaður afgreiðslutími við landamæraeftirlit eykst jafnframt úr um 24 sekúndum í um 150 sekúndur á farþega eftir innleiðingu kerfisins.

Við þetta bætist sú viðvarandi náttúruvá sem samfélagið á Reykjanesskaga hefur búið við undanfarin ár. Lögreglan á Suðurnesjum hefur gegnt lykilhlutverki í umfangsmiklum almannavarnaaðgerðum vegna jarðhræringa og eldsumbrota. Í ágúst 2026 höfðu um 29 milljónir rúmmetra af kviku safnast undir Svartsengi frá síðasta eldgosi og Veðurstofa Íslands telur áfram líklegt að kvikuhlaup geti leitt til nýs eldgoss. Fyrirvari fyrri eldgosa hefur verið allt niður í um 20 mínútur.

Aðalfundurinn telur að við þessar aðstæður sé óvarlegt að veikja staðbundna yfirstjórn lögreglu á Suðurnesjum eða færa endanlegt ákvörðunarvald frá svæðinu. Staðbundin þekking, skýrar boðleiðir og geta til skjótrar ákvarðanatöku eru sérstaklega mikilvæg þegar samtímis þarf að sinna almennri löggæslu, umfangsmiklu landamæraeftirliti, almannavörnum og verkefnum sem tengjast öryggi landsins.

Aðalfundurinn tekur undir að lögreglan þurfi stöðugt að þróa starfsemi sína, efla samstarf og nýta sameiginlega innviði þar sem það leiðir til betri þjónustu og aukins öryggis. Slík markmið kalla hins vegar ekki á að sjálfstætt embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði lagt niður.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum leggst því eindregið gegn því að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði sameinað öðru lögregluembætti og krefst þess að áfram verði byggt upp öflugt og sjálfstætt lögregluembætti á Suðurnesjum með þeirri stjórn og þeim heimildum, mannafla og starfsaðstöðu sem nauðsynleg er til að sinna einu mikilvægasta landamæra-, almannavarna- og öryggissvæði Íslands.

Aðalfundurinn krefst þess jafnframt að ekkert verði ákveðið um framtíð embættisins án ítarlegs áhrifamats og formlegs samráðs við sveitarfélögin á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.



Ályktun um heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum

Ályktun lögð fram á 51. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 11. september 2026, vekur athygli á þeirri stöðu sem upp er komin eftir að Alþingi samþykkti 19. júní 2026 lög nr. 82/2026, um einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og lög nr. 85/2026, um Stofnun atvinnuveganna. Með lögnum er kveðið á um að heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit færist frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar og að matvælaeftirlit færist til hinnar nýju Stofnunar atvinnuveganna, frá og með 1. janúar 2027. Þar með er lagður grunnur að því að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES), sameiginleg stofnun sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum, Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga leggist niður í núverandi mynd um næstu áramót.

Aðalfundurinn þakkar starfsfólki Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja farsæl og fagleg störf í þágu íbúa, atvinnulífs og umhverfis á Suðurnesjum um árabíl.

Þrátt fyrir að lögin hafi þegar verið samþykkt liggja enn ekki fyrir fullnægjandi svör um framkvæmd breytinganna. Aðalfundurinn tekur undir sameiginlega áskorun landshlutasamtaka sveitarfélaga um allt land sem á þessu ári hafa krafist skýrra svara og gagnsærrar, tímasettrar áætlunar frá ríkinu um yfirfærsluna. Sérstaklega er bent á eftirfarandi atriði sem óljós eru enn:

- hvernig farið verður með starfsfólk HES - réttindi þess, biðlaun, uppsagnarfrest og möguleika á áframhaldandi starfi hjá hinum nýju ríkisstofnunum
- hvernig fjárhagslegar skuldbindingar embættisins verða gerðar upp, þar á meðal umtalsverð lífeyrisskuldbinding sem er metin á 122,7 m.kr. í árslok 2025, auk annarra eigna, samninga og skuldbindinga
- hver beri kostnað af yfirfærslu gagna, skjala, kerfa og annarra innviða til hinna nýju ríkisstofnana
- hvaða verkefni sitji eftir á ábyrgð sveitarfélaganna sjálfra meðal annars staðbundnar samþykktir, umgengni utan húss, gæludýrahald, úrgangsmál, fráveitur, loftgæði og hávaði og hvernig þau verði fjármögnuð og hvaða stjórnvaldsúrræði fylgi þeim
- hvernig tryggt verði að þjónusta við íbúa og fyrirtæki á Suðurnesjum rofni ekki við kerfisbreytinguna og haldist áfram aðgengileg í nærumhverfi fólks.

Aðalfundurinn krefst þess að ríkið fjármagni flutning verkefnanna að fullu og að hann verði ekki fjárhagsleg byrði á sveitarfélögunum á Suðurnesjum. Jafnframt skorar fundurinn á Umhverfis- og orkustofnun, Stofnun atvinnuveganna og hlutaðeigandi ráðuneyti að leggja án tafar fram tímasetta og fjármagnaða áætlun um yfirfærslu verkefna, starfsfólks, gagna og eigna frá HES og hafa jafnframt

virkt og reglubundið samráð við bæjarráð og heilbrigðisnefnd aðildarsveitarfélaganna fjögurra á meðan á yfirfærslunni stendur.

Að lokum leggur aðalfundurinn áherslu á að þjónusta við íbúa og atvinnulíf á Suðurnesjum má ekki rofna á þeim tíma sem eftir lifir af starfstíma HES og hvetur stjórnvöld til að tryggja að staðbundin þekking á sérstöðu svæðisins, ekki síst hvað varðar vatnsvernd, matvælaöryggi og náttúruvá, verði varðveitt og nýtt áfram í hinu nýja fyrirkomulagi með því m.a. að tryggja að stöðugildi á Suðurnesjum haldi sér eins og þau eru í dag.



Ályktun um raforkuöryggi og flutningsgetu til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum

Ályktun lögð fram á 51. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 11. september 2026, skorar á ríkisstjórn Íslands og Landsnet að hefja þegar undirbúning að næsta áfanga styrkingar flutningskerfis raforku til og frá Suðurnesjum og tryggja að sú uppbygging verði tímasett í kerfisáætlun. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að skortur á flutningsgetu raforku verði á ný takmarkandi þáttur í atvinnuþróun, orkuskiptum og samfélagsuppbyggingu á Suðurnesjum.

Suðurnesjalína 1 hefur um árabíl verið takmarkandi fyrir atvinnuuppbyggingu á svæðinu og framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 hafa tafist verulega. Tilkoma Suðurnesjalínu 2, nýs tengivirkis á Njarðvíkurheiði og annarra tengdra framkvæmda er því afar mikilvæg og langþráð styrking á grunninnviðum Suðurnesja. Hún eykur bæði flutningsgetu og afhendingaröryggi raforku til svæðisins.

Fyrirséð er hins vegar að raforkuþörf á Suðurnesjum muni áfram aukast hratt. Samkvæmt spám Landsnets er gert ráð fyrir að heildareftirspurn eftir raforku á Suðurnesjum tvöfaldist til ársins 2050. Samhliða liggja fyrir áform um umfangsmikla atvinnuuppbyggingu á svæðinu, meðal annars á Ásbrú, við Keflavíkurflugvöll, í Helguvík, á Keilisnesi og á öðrum skilgreindum þróunarsvæðum Suðurnesja. Fyrirliggjandi áform um nýja stórnotkun benda til þess að sú aukna flutningsgeta sem nú er verið að byggja upp geti nýst að verulegu leyti á tiltölulega skömmum tíma.

Kerfisáætlun Landsnets sýnir að eftir fyrirhugaðar styrkingar geti tiltæk afhendingargeta á einstökum afhendingarstöðum á Suðurnesjum orðið á bilinu 70–150 MW. Sú geta er þó háð álagi og nýtingu annarra afhendingarstaða og getur því breyst hratt þegar stórir nýir notendur tengjast kerfinu.

Landsnet hefur sjálft bent á að til lengri tíma þurfi að bæta tengingar við Reykjanesskaga og að núverandi meginflutningskerfi á suðvesturhorni landsins geti orðið fyrirstaða fyrir atvinnuuppbyggingu og orkuskipti á næstu áratugum. Aðalfundurinn telur því óásættanlegt að undirbúningur næsta áfanga hefjist ekki fyrr en sú flutningsgeta sem nú er verið að byggja upp er aftur fullnýtt.

Aðalfundur SSS leggur því áherslu á að næsti áfangi styrkingar flutningskerfis raforku til og frá Suðurnesjum verði skilgreindur og tímasettur í næstu kerfisáætlun Landsnets, þannig að undirbúningur, skipulagsvinna og leyfisferli geti hafist með nægjanlegum fyrirvara.

Mikilvægt er að Landsnet, í samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélögin á Suðurnesjum og dreifiveitu á svæðinu, vinni heildstæða afl- og orkuþarfagreiningu fyrir Suðurnes til ársins 2040 og að niðurstöður hennar liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 2027.

Í greiningunni komi meðal annars fram, eftir því sem unnt er án þess að birta trúnaðarupplýsingar:

- núverandi raforkunotkun og aflþörf á svæðinu,
- ráðstafað eða samningsbundið afl vegna fyrirhugaðra verkefna,
- raunverulega óráðstöfuð flutningsgeta eftir tilkomu Suðurnesjalínu 2,
- áætluð eftirspurn vegna atvinnuuppbyggingar, fólksfjölgunar og orkuskipta til ársins 2040,
- hvaða framkvæmdir í flutningskerfinu þurfi að hefja undirbúning að og hvenær.

Á grundvelli greiningarinnar verði sett fram tímasett áætlun um næstu styrkingar flutningskerfisins til Suðurnesja áður en tiltæk flutningsgeta verður aftur takmarkandi fyrir nýja atvinnuuppbyggingu.

Þannig er hægt að tryggja að uppbygging flutningskerfis og ný raforkuframleiðsla verði samhæfð þannig að skortur á raforku eða flutningsgetu komi ekki í veg fyrir sjálfbæra atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

Við framtíðaruppbyggingu raforkukerfis á Reykjanesskaga verður sérstaklega að horfa til afhendingaröryggis og áfallapóls vegna þeirrar náttúruvár sem svæðið býr við og tryggja fleiri en eina örugga flutningsleið raforku til og frá svæðinu. Það verður að vera forgangsmál að tryggja hringtengingu raforkukerfis til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum og að ekkert þeirra sé háð einni raforkuleið.

Suðurnes eru eitt öflugasta vaxtar- og atvinnusvæði landsins og þar eru fjölmörg tækifæri til nýsköpunar, verðmætasköpunar og fjölbreyttari atvinnuuppbyggingar. Örug og nægjanleg raforka er grundvallarinnviður slíkrar þróunar.

Það má ekki endurtaka þá stöðu að áhugi á atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum sé fyrir hendi en grunninnviðir raforkukerfisins komi í veg fyrir að tækifærin verði að veruleika. Uppbygging flutningskerfis þarf að vera skrefi á undan þróuninni en ekki árum á eftir henni.